



Gjaldeyrismarkaðurinn

Mánaðarlegt yfirlit


22. janúar 2019

- Rétt fyrir síðustu jóla tók krónan að styrkjast. Seðlabankinn greip þá inn í og keypti 3 milljónir evra (4,1 ma.kr.) þann 21. desember.
- Þessi styrking hefur gengið til baka frá áramótum. Alls seldi Seðlabankinn 33 milljónir evra (12,3 ma.kr.) á fjórum dögum á móti veikingunni.
- Nettó seldi því bankinn 30 milljónir evra, sem er um 0,5% af gjaldeyrisforðanum.
- Veltan á markaði í desember nam 20 mö.kr., sem er svipað og í nóvember. Alls var veltan á seinasta ári 187 ma.kr., sem er innan við helmingur af veltu ársins 2017, sem var 407 ma.kr.
- Leiðrétt fyrir gengisbreytingum lækkuðu innlán innlendra aðila á gjaldeyrisreikningum um 28 ma.kr. í desember. Lækkunin var nær eingöngu í Bandaríkjadöllum.
- Raungengið m.v. hlutfallslegt verðlag var í lok árs 2018 8,9% lægra (krónan veikari) en í lok árs 2017. Nafngengið (gengisvísitalan) var 10,5% veikara.

	21.1.2019	MTD	YTD	1M	3M	12M
GVT	181,5	4,3%	4,3%	4,2%	2,6%	10,9%
EUR	137,7	3,5%	3,5%	3,5%	2,2%	9,5%
USD	121,1	4,4%	4,4%	3,5%	3,6%	17,7%
GBP	156,1	5,4%	5,4%	5,7%	2,2%	9,5%
DKK	18,4	3,5%	3,5%	3,4%	2,2%	9,1%
NOK	14,1	5,4%	5,4%	6,0%	-0,5%	8,2%
SEK	13,4	2,5%	2,5%	3,8%	3,3%	5,0%
CHF	121,4	2,7%	2,7%	3,3%	3,5%	13,7%
JPY	1,10	4,3%	4,3%	5,0%	6,3%	18,9%

Heimild: Thomson Reuter Eikon

Gengisþróun




Síðasta dags. 21 jan 2019


Heimild: Thomson Reuters Eikon




Frá áramótum hefur krónan veikt gagnvart gjaldmiðlum allra helstu viðskiptalanda okkar.




Veltan í desember var svipuð og í nóvember.




Rétt fyrir jólfót tók krónan að styrkjast nokkuð. Þessi styrking gekk síðan til baka fyrri hluta janúar.




Seðlabankinn keypti 3 milljónir evra á móti styrkingunni fyrir jólfót og seldi 33 milljónir evra á móti veikingunni fyrir hluta janúarmánaðar.



Flöktið á íslensku krónunni á móti evru er nokkuð hærra en flökt norsku og sænsku krónanna á móti evru




Innlán innlendra aðila á I.G. reikningum á föstu gengi lækkuðu um 28 ma.kr. milli mánaða í desember.






Um 137 þúsund erlendir gestir fóru um Leifsstöð í desember.




Heimild: Ferðamálastofa

Það er 1,5% aukning milli ára.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. desember 2018
Heimild: Ferðamálastofa

Samkvæmt bráðabirgðatölum var 10,5 ma.kr. halli á vöruskiptum við útlönd í desember.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. desember 2018
Heimild: Hagstofa Íslands

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 1,1 ma.kr. í desember.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. desember 2018
Heimild: Seðlabanki Íslands

Raungengi m.v. hlutfallslegt verðlag í desember er 8,9% veikara en í lok árs 2017, nafngengið er 10,5% veikara.



Meðaltal mánaðar, síðasta dags. desember 2018
Heimild: Seðlabanki Íslands


Breytingin á raungenginu skýrist aðallega af nafngengisbreytingu.



Meðaltal mánaðar, síðasta dags. desember 2018
Heimild: Seðlabanki Íslands




Vaxtamunur við evru til lengri tíma hefur minnkað síðustu mánuði.



Síðasta dags. 21. janúar 2019
Heimild: Thomson Reuters Eikon

Gjaldeyrisforðinn að fráðregnum öllum skuldum ríkissjóðs og SÍ er 565 ma.kr.



*) Gjaldeyrisforði að fráðregnum heildarskuldum SÍ og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum.
Staða í lok mánaðar, síðasta dags. 31. des. 2018
Heimild: Seðlabanki Íslands, Lánamál ríkisins

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.